

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 69/95
frá 15. desember 1995**

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/95 frá 19. maí 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB frá 31. maí 1995 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „svæði A“ og með hliðsjón af vægi eignaliða sem eru kröfur með beinni ábyrgð Evrópubandalaganna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 89/647/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- 395 L 0015: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB frá 31. maí 1995 (Stjtið. EB nr. L 125, 8. 6. 1995, bls. 23).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 21. 9. 1995, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 35, 21. 9. 1995, bls. 1.
⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 125, 8. 6. 1995, bls. 23.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Berg

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik M. Sucker